

**Tilraunastöð Háskólans að Keldum**

**17 202**

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

### Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Tilraunastöð Háskólans að Keldum

kt. 650269-4549

Keldnavegi 3, 112 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild Háskóla Íslands en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Tilraunastöðin að Keldum tók til starfa haustið 1948 og er hlutverk til greint með lögum nr. 67 frá 1990, og lögum nr. 50 frá 1986 um rannsóknir á fisksjúkdómum. Starfsemin er mjög fjölþætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknum, þ.e. líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkjudýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá 02-202.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 764,2 milljónir og afkoma kr. -9,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 61,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 311,9 milljónir.

Starfsemi fjárlagaliðarins á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit okkar að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Ingvarsson  
forstöðumaður

Kristín Kalmansdóttir  
framkvæmdastjóri

(undirrita rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	369.400.000	336.400.000
Aðrar tekjur .....		12.080.279	12.782.694
Seld þjónusta .....	3	223.807.678	202.892.106
Vörusala .....		30.997.334	33.753.855
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	114.977.119	105.144.388
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	12.963.584	14.500.470
<b>Tekjur samtals</b>		<b>764.225.994</b>	<b>705.473.513</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	540.465.096	510.577.303
Annar rekstrarkostnaður .....	6	221.418.852	177.699.222
Afskriftir .....	7	12.963.584	14.500.470
<b>Gjöld samtals</b>		<b>774.847.532</b>	<b>702.776.995</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(10.621.538)</b>	<b>2.696.518</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		873.297	279.604
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(92.175)	(40.421)
		781.122	239.183
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(9.840.416)</b>	<b>2.935.701</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		30.781.241	33.102.139
Farartæki og vélar .....		3.184.497	1.015.503
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>33.965.738</u>	<u>34.117.642</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	9	9.303.070	10.946.167
Viðskiptakröfur .....		23.527.241	21.723.098
Tengdir aðilar .....	10	223.213.585	103.072.074
Handbært fé .....	11	21.910.021	83.719.034
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>277.953.917</u>	<u>219.460.373</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>311.919.655</u>	<u>253.578.015</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		61.488.406	71.328.822
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>61.488.406</u>	<u>71.328.822</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	55.683.303	62.083.802
Viðskiptaskuldir .....		97.147.828	17.242.482
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	60.229.623	69.088.830
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	37.370.495	33.834.079
<b>Skuldir samtals</b>		<u>250.431.249</u>	<u>182.249.193</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>311.919.655</u>	<u>253.578.015</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(9.840.416)	2.935.701
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	12.963.584	14.500.470
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(12.963.584)	(14.500.470)
		<u>(9.840.416)</u>	<u>2.935.701</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.804.143)	(10.711.062)
Tengdir aðilar .....		(122.853.690)	20.878.202
Birgðir .....		1.643.097	(1.331.378)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>71.046.139</u>	<u>(26.105.824)</u>
		(51.968.597)	(17.270.062)
		<u>(61.809.013)</u>	<u>(14.334.361)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
		<u>(61.809.013)</u>	<u>(14.334.361)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(14.221.680)	(12.975.958)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.410.000	0
		<u>(12.811.680)</u>	<u>(12.975.958)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		<u>12.811.680</u>	<u>12.975.958</u>
		12.811.680	12.975.958
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(61.809.013)	(14.334.361)
		<u>83.719.034</u>	<u>98.053.395</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>21.910.021</u>	<u>83.719.034</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölum á þjónustu.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innlest tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

## Skýringar

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	0-5 ár
Farartæki og vélar .....	0-5 ár
Aðrar eignir .....	0-5 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreyms vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.



## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	369.400.000	336.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	12.963.584	14.500.470
	382.363.584	350.900.470

## Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	366.600.000	0	0	366.600.000
Launabætur .....	2.800.000	0	0	2.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>369.400.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>369.400.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(379.240.416)	0	0	(379.240.416)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(9.840.416)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(9.840.416)</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	6.559.821	7.618.527
Verksala .....	139.910.395	132.367.690
Ýmsar þjónustutekjur .....	77.039.662	62.499.170
Veitinga- og gistipjónusta .....	297.800	406.719
	223.807.678	202.892.106

## 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.427.362	1.823.629
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	112.785.925	91.291.928
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	0	11.012.613
Ýmsar tekjur .....	763.832	1.016.218
	114.977.119	105.144.388

## 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	439.550.394	411.907.761
Orlof, breyting .....	(586.074)	5.640.590
Launatengd gjöld .....	98.911.250	91.386.729
Starfsmannakostnaður .....	2.589.526	1.642.223
	540.465.096	510.577.303
Meðalfjöldi stöðugilda .....	47,3	47,9

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	526.528	3.333.813
Byggingarvörur, almennar .....	491.983	652.424
Byggingarvörur, aðrar .....	75.837	175.921
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	673.442
Ýmis tæki og áhöld .....	4.051.161	8.566.068
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	246.039	89.605
Orkugjafar .....	8.294.799	7.297.381
Matvæli .....	8.073.607	7.051.867
Almennar rekstrarvörur .....	3.277.221	2.713.707
Vörukaup, almenn	25.037.175	30.554.228
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar .....	4.110	232.069
Rannsóknarstofuefni .....	87.820.140	74.391.891
Lyf og tengd efni .....	0	125.377
Lækninga- og hjúkrunarvörur .....	0	115.615
Sjúkrahústæki og áhöld .....	0	384.537
Ýmsar sérgreindar vörur .....	257.880	114.287
Vörukaup, sérgreind	88.082.130	75.363.776
Fundir, námskeið, risna .....	413.238	191.707
Ferðir, uppihald .....	7.887.676	1.518.066
Akstur .....	1.366.867	501.346
Sérfræðiþjónusta .....	48.388.620	28.401.565
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	340.100	334.648
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	600.802	693.791
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.790.348	3.269.481
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	61.787.651	34.910.604
Afnotagjöld .....	4.560.353	4.924.565
Leigugjöld .....	296.713	594.591
Notkun véla og flutningatækja .....	575.962	126.526
Verkkaup .....	20.843.221	14.179.991
Tryggingar, lögboðnar .....	1.175.953	1.111.730
Opinber gjöld .....	17.353.930	16.721.159
Tilfærslur .....	0	496.000
Veittur afsláttur .....	7.380	1.736
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	44.813.512	38.156.298
Vörukaup .....	55.287	45.694
Birgðabreytingar, fullunnar vörur .....	1.643.097	(1.331.378)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	1.698.384	(1.285.684)
Annar rekstrarkostnaður samtals	221.418.852	177.699.222
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	12.019.249	13.253.071
Farartæki og vélar .....	631.006	622.477
Sölutap og úreltar eignir .....	313.329	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	0	624.922
	12.963.584	14.500.470

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	30.781.241	33.102.139
Farartæki og vélar .....	3.184.497	1.015.503
	<u>33.965.738</u>	<u>34.117.642</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	136.785.220	7.296.973	751.257	144.833.450
Viðbætur á árinu .....	11.421.680	2.800.000	0	14.221.680
Selt/úrelt á árinu .....	(6.598.996)	(543.849)	(685.204)	(7.828.049)
	<u>141.607.904</u>	<u>9.553.124</u>	<u>66.053</u>	<u>151.227.081</u>
Afskriftir 01.01.2022 .....	103.683.081	6.281.470	751.257	110.715.808
Afskrift ársins .....	12.019.249	631.006	0	12.650.255
Selt/úrelt á árinu .....	(4.875.667)	(543.849)	(685.204)	(6.104.720)
	<u>110.826.663</u>	<u>6.368.627</u>	<u>66.053</u>	<u>117.261.343</u>
Staða 31.12.2022 .....	<u>30.781.241</u>	<u>3.184.497</u>	<u>0</u>	<u>33.965.738</u>

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Birgðir

Fullunnar vörur .....	9.303.070	10.946.167
	<u>9.303.070</u>	<u>10.946.167</u>

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	166.106.705	68.582.898
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	57.106.880	34.489.176
	<u>223.213.585</u>	<u>103.072.074</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	55.683.303	62.083.802
	<u>55.683.303</u>	<u>62.083.802</u>

### 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	21.910.021	59.819.790
Sparisjóðsreikningar .....	0	23.899.244
	<u>21.910.021</u>	<u>83.719.034</u>

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	71.328.822	77.834.324
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	(9.441.203)
Afkoma ársins .....	(9.840.416)	2.935.701
Jöfnuður 31.12. ....	61.488.406	71.328.822

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	59.219.860	59.805.934
Skattar .....	1.009.763	9.282.896
	60.229.623	69.088.830

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	33.965.738	34.117.642
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	3.404.757	(283.563)
	37.370.495	33.834.079

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	34.117.642	(283.563)	33.834.079
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	16.500.000	16.500.000
Bókfært verð seldra eigna .....	(1.410.000)	1.410.000	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	14.221.680	(14.221.680)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(12.963.584)	0	(12.963.584)
	33.965.738	3.404.757	37.370.495

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 12,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

# Skýringar

## 15 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu, samstarf og aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna fyrir þjónustu nema kr. 8,9 m.kr., samstarfs kr. 0,5 m.kr. og aðrir samningar kr. 13,8 m.kr.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.